

Hafnarfjarðarbær
b.t. Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
200 Hafnarfirði

Efstaleiti 5
IS 103 Reykjavík
5 400 300
5 400 301

logos@logos.is
www.logos.is

Reykjavík, 13. febrúar 2018

Efni: Ósk um endurnýjaðan lóðarleigusamning vegna lóðarinnar „Straumsvík 123154“

Með bréfi þessu óskar LOGOS lögmannsþjónusta, fyrir hönd Rio Tinto á Íslandi hf., formlega og vinsamlega eftir endurnýjuðum lóðarleigusamningi vegna lóðarinnar „Straumsvík 123154“, eins og rætt hefur við Hafnarfjarðarbæ við fyrri tækifæri. Með bréfi þessu fylgja drög að lóðarleigusamningi, í því skyni að flýta megi ferlinu.

Rökstuðningur fyrir ósk þessari er sá að allt frá árinu 2007 hefur álverið í Straumsvík greitt lóðarleigugjald á sama grundvelli og aðrir lóðarhafar iðnaðarlóða í Hafnarfirði. Á árinu 2007 var aðalsamningi milli álversins og ríkisstjórnar Íslands breytt með lögum þannig að álverið varð hluti af íslensku skattkerfi og hóf þá að greiða skatta og gjöld í samræmi við almennar reglur. Greiðsla lóðarleigugjaldsins hefur hins vegar aldrei verið nægjanlega skjalfest og er ekki um það fjallað í núgildandi þinglýstum lóðarleigusamningi.

Hin meginástæðan fyrir ósk þessari er að núgildandi lóðarleigusamningur var gerður árið 1966, sem viðauki við upphaflegan aðalsamning milli Alusuisse og ríkisstjórnar Íslands. Lóðarleigusamningurinn hefur sama gildistíma og aðalsamningurinn, sem rennur nú út árið 2024, og verður ekki endurnýjaður frekar. Hinsvegar, þar sem fyrirtækið hefur skuldbundið sig til að reka álver í Straumsvík að minnsta kosti til ársins 2036, með gerð nýs hafnarsamnings við Hafnarfjörð og rafmagnssamnings við Landsvirkjun, erum við þeirrar skoðunar að lóðarleigusamningur vegna helstu iðnaðarlóðar fyrirtækisins eigi að hafa sama gildistíma.

Þessari ósk er ekki á nokkurn hátt ætlað að vera tilraun til að fá aflétt núverandi skyldum fyrirtækisins, heldur er gerð með þann eina tilgang að i) skjalfesta réttilega lóðarleigugjald sem þegar er greitt og ii) samstillja gildistíma lóðarleigu við aðrar langtímaskuldbindingar fyrirtækisins.

Hafir þú einhverjar frekari spurningar eða athugasemdir vegna þessarar óskar vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst

LOGOS lögmannsþjónusta



Oddur Ástráðsson, lögmaður
f.h. Hjördísar Halldórsdóttur, lögmanns